



Skólaftefna Hveragerðisbæjar

Skólaftefna Hveragerðisbæjar er ætlað að stuðla að markvissu og framsæknu skólaftarfi þar sem allir sem málið varðar stilla saman strengi. Velferð barna og ungmenna bæjarins er í fyrirrúmi og hagsmunir þeirra eiga að vera öllum leiðarljós sem veitir stefna þessari brautargengi. Skólaftefnan er afrakstur samvinnu bæjarbúa, nemenda, og starfsfólks skólanna í Hveragerðisbæ. Hún gildir um allt skólaftarf í bæjarfélaginu og á því jafnt við um leik-, grunn-, frístunda- og tónlistarskóla.

Lögð er áhersla á að stefnan sé skýr og að henni sé fylgt með markvissum hætti í öllu fræðsluftarfi sveitarfélagsins með tímasettri aðgerðaáætlun og ítarlegum gæðaviðmiðum sem byggja á markmiðum hennar. Stefnan felur í sér leiðsögn til þeirra sem annast framkvæmd einstakra þátta skólaftarfsins en veitir einnig nægilegt svigrúm til útfærslu þess með þarfir og færni nemenda að leiðarljósi. Með því að byggja innleiðingu skólaftefnunnar á kerfisbundnu innra mati er tryggt að hún byggist á styrkleikum hvers skóla fyrir sig.

Það er viðfangsefni sveitarfélagsins að veita stuðning við að innleiða áherslurnar og fylgja þeim eftir með samstarfi við skólana og stuðningi við starfsþróun. Reglubundið innra mat er lykiltæki sveitarstjórnarmanna til að sinna eftirlitshlutverki sínu á gagnsæjan og faglegan hátt.

Skólaftarf í Hveragerðisbæ á að vera í fremstu röð. Í skólaftarfinu er byggt á þeirri sérstöðu sem bæjarfélagið býr yfir, náttúru, umhverfi og sérstakri sögu bæjarfélagsins. Vilji bæjaryfirvalda og starfsmanna á fræðslusviði er skýr: Við tökum sameiginlega ábyrgð á börnunum okkar og viljum búa þeim bestu skilyrði til menntunar og þroska. Til þess er þessi stefna sett. Að því marki viljum við stefna.

Starfshópur um gerð skólaftefna Hveragerðisbæjar

Alda Pálsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Biering, Ninna Sif Svavarsdóttir og Vilhjálmur Baldur Guðmundsson.



Það sem barninu er fyrir bestu

Framtíðarsýn

Skólastarf í Hveragerðisbæ einkennist af lífsgleði, virðingu, vináttu, sköpun, og samstarfi skólanna við íbúa og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Nemendur búa við öryggi og umhyggju. Vellíðan og virðing fyrir fjölbreytileika mannlífsins eru auðsjáanleg í leik, námi og viðfangsefnum nemenda. Skólastarf ber skýr einkenni gæðastarfs.

Grunnþættir menntunar

Menntastefna aðalnámskrár leik- og grunnskóla byggir á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í skólastefnu Hveragerðisbæjar er mörkuð sú stefna að grunnþættir menntunnar séu lagðir til grundvallar og verði sýnilegir í öllu skóla- og frístundastarfi sveitarfélagsins. Grunnþættir menntunar ákvarða viðfangsefni nemenda og eru sýnilegir í viðfangsefnum nemenda.

Meginmarkmið skólastefnu Hveragerðisbæjar er að efla og styðja við nemendur sveitarfélagsins í öruggu samfélagi þar sem fjölbreytileiki fær að njóta sín.

Markmiðin felast meðal annars í eftirfarandi:

- að unnið sé með grunnþætti menntunar og lykilhæfni nemenda til að efla færni þeirra til framtíðar í öllu skóla- og frístundastarfi.
- að samþætting námsgreina fái aukið vægi með verkefnum sem byggja á grunnþáttum menntunar.



- að innra mat sé kerfisbundið og samofið skólastarfi, jafnt í leikskólum, grunnskóla, tónlistarskóla og frístundastarfi.
- að umbætur og þróunarstarf byggji á ríkulegum og fjölbreyttum gögnum úr innra og ytra mati.
- að starfsfólk fái ríkuleg og fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar í samræmi við áherslur skólastefnunnar.
- að efla þroska og skilning barna með fjölbreyttum og skapandi leiðum.
- að leikur, nám og kennsla sé grunnur að vellíðan.
- að sýnt sé fram á með áreiðanlegum gögnum að skólastarf og vellíðan fari saman.

Gæðastarf og vellíðan

Menntastofnanir Hveragerðisbæjar eiga að vera framsækningar og mæta persónumiðaðum þörfum allra barna. Stöðug áhersla er lögð á að bæta gæði náms og kennslu og að leikur sé þar ekki undanskilinn. Vellíðan og velferð barna er ávallt í öndvegi. Hlustað er á raddir barna og komið til móts við þarfir hvers og eins með fjölbreyttum starfsháttum. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina og sköpun.

Grunnþættir menntunar

Nemendur bera stigvaxandi ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð og verða sífellt læsari á umhverfi sitt. Nemendur bera virðingu hver fyrir öðrum og sjá og skilja mikilvægi jafnréttis og lýðræðislegs samstarfs með mannréttindi að leiðarljósi. Sköpun er eðlilegur þáttur skólastarfsins. Nemendur skilja að mikilvægt sé að ganga vel um jörðina og að þeir eigi sinn þátt í sjálfbærni heimsins. Þannig ákvarða grunnþættir menntunar viðfangsefni nemenda frá leikskóla og út grunnskólagönguna.

Áhersla á lykilhæfni

Frá fyrstu skrefum skólagöngunnar er lögð áhersla á sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin verkum og námi. Börn fá tækifæri til þess að tjá sig í gegnum verkefni sín og miðla verkum sínum áfram til skólaumhverfisins. Skapandi og gagnrýnin hugsun er rauður þráður í verkum nemenda og þeir þjálfast í að nýta áreiðanlega miðla og upplýsingar úr umhverfi sínu. Sjálfstæði og samvinna helst hönd í hönd og eflist eftir því sem líður á skólagönguna. Nemendur taka virkan þátt og vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og að áherslum sveitarfélagsins um heilsueflandi samfélag.



Velferð starfsfólks

Starfsfólk skóla skal búa við góð vinnuskilyrði og njóta markvissrar starfsþróunar. Mikilvægt er að starfsfólk eigi kost á sérfræðiráðgjöf vegna sértækra þarfa nemenda og ekki síður til að bæta gæði almenns náms og kennslu. Velferð starfsfólks er lykillinn að góðu skólastarfi.